

TIL FJÖLMIDLA.

Þann 13. mars sl. varð Kvinnalistinn 8 ára. Það er ekki hár aldur en framboðshreyfing kvenna er enn eldri. Forsaga hennar nær aftur á annan áratug þessarar aldar. Sú saga var þó flestum ókunn þar til hreyfingin gekk í endurnýjun lífdaga með kvennaframboðunum í Reykjavík og á Akureyri árið 1982. Ári síðar var Kvinnalistinn stofnaður sem þjóðmálahreyfing kvenna.

Þrisvar hafa kvinnalistar verið í boði í sveitarstjórnarkosningum og Kvinnalistinn býður nú fram til Alþingis þriðja sinni. Á þessum tíma hefur hlutfall kvenna í sveitarstjórnnum hækkað úr 6,2% í 22,5% og á þingi úr 5% í 24%. Þá gætir kvennasjónarmiða ólíkt meira í allri stjórn málaumræðu en áður. En betur má ef duga skal. Enn vantar mikið upp á að hlutur kvenna sé í einhverju samræmi við fjölda þeirra og að kjör þeirra og staða geti talist viðunandi.

Helgina 16.-17. mars hittast í Reykjavík efstu konur af Kvinnalistum í öllum kjördæmum landsins og stilla saman strengi sína. Af því tilefni boðar Kvinnalistinn til opins fundar þar sem frambjóðendurnir kynna nýútkomna stefnuskrá Kvinnalistans og sitja fyrir svörum. Eins og endranær er stefnuskrá Kvinnalistans mikil að vöxtum og tekur til allra helstu málaflökka sem koma til kasta Alþingis. Með því að móta ítarlega stefnu í öllum málum viljum við leggja áherslu á að kosningar eiga að snúast um hugsjónir og málefni. Þær eru ekki fótboltakeppni eða flugeldasýning þar sem skotið er á loft neyðarblysum sem eru kulnuð strax að kosningum loknum. Þá kynnum við nýútkomið afmælisblað Kvinnalistans, PILSAPYT, sem á næstu dögum mun berast inn á öll heimili landsins.

Kosningabaráttu Kvinnalistans er hafin.